



224. fundur Skólanefndar FS

27. janúar 1998

Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Jón Ingi Baldvinsson, Stefanía Ólafsdóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, Guðbjörg Ingimundardóttir, áheyrnarfulltrúarnir Þorvaldur Örn Árnason og Guðjón Kristjánsson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.
 2. Upphaf vorannar.
 3. Skólasamningur
 4. Önnur mál.

1. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Nýráðinn forstöðumaður Miðstöðvarinnar, Kjartan Már Kjartansson, mætti á fundinn og kynnti hugmyndir sínar um starfsemi hennar. Skólameistari sagði frá starfsemi og stjórn miðstöðvarinnar og fulltrúum í nýkjörinni stjórn hennar. Nefndarmenn lýstu ánægju sinni með þróun mála og óskuðu forstöðumanni farsældar í starfi.

2. Upphaf vorannar.

Skólameistari sagði frá fyrstu vikum vorannar. Nemendur eru um 700 í dagskóla og rúmlega 300 í öldungadeild. Skólinn hefur fengið heimild á fjárlögum til að kanna hugsanleg húsa- og lóðakaup vegna viðbyggingar. Spurt um greiðslur nemendafélagsgjalda. Upplýsingar um fjölda nemenda sem greiddu gjöldin liggja ekki fyrir en verða kynntar á næsta fundi.

3. Skólasamningur.

Skólasamningur til 3ja ára hefur ekki enn borist frá menntamálaráðuneyti.

4. Önnur mál.

- a) Rætt um öldungadeild. Nefndarmenn lýstu ánægju sinni með öfluga starfsemi deildarinnar og áhuga Suðurnesjamanna á námi í henni. Nefndin leggur áherslu á að skólinn fái nægilegt fjármagn til reksturs deildarinnar þannig að ekki þurfi að vísa nemendum frá.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðmann Kristþórsson,
fundarritari